

Námsgrein: Íslenska

Bekkur: 1.

Tíma fjöldi á viku: 5-6 klukkustundir á viku

Kennsluáðferðir og skipulag

Í lestri verður unnið eftir kennsluáðferðinni Byrjendalæsi. Byrjendalæsi felur í sér nálgun með gæðatekta sem nær til allra þátta móðurmálsins þannig að tal, hlustun og ritun er felld saman í eina heild. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Það gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópavinnu um leið og einstaklingþörfum er mætt. Unnið er mikið með samþættingu við aðrar námsgreinar í íslensku.

Grunnþættir menntunar

Komið er inn á alla grunnþætti menntunar. Unnið er með ýmsa gæðatekta sem taka mið af grunnþáttum og má nefna bókina *Asnaskóli* sem tekur á jafnrétti, læsi og lýðræði. Annað dæmi er bókina um *Snuðra og Tuðra fara til tannlæknis* þar sem komið er inn á heilbrigði og velferð, læsi, sköpun, lýðræði. Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	• Unnið er með læsi í víðum skilningi. • Lesskilningur þjálfður. • Nemendur takast á við nýja færni þ.e. að æfa umskráningu bókstafa og hljóða þeirra. • Nemendur þjálfast í myndlæsi, orðaforði þjálfður út frá myndum.
Sjálfbærni	• Fjallað er um endurvinnslu, flokkun og umhverfið.
Heilbrigði og velferð	• Rætt er við nemendur um mikilvægi heilbrigðis og velferðar í gegnum gæðatekta. Notast er við þau tækifæri sem upp koma til þess að efla þá hugsun. Áhersla á hollt og gott mataræði og hreyfingu.
Lýðræði og mannréttindi	• Nemendur velja að einhverju leyti sjálfir við hvaða aðstæður þeir lesa upphátt og æfa lestur. Þeir fá þjálfun í að lesa fyrir allan bekkinn, fyrir lítinn hóp eða hvert fyrir annað. Nemendur taka þátt í atriði á sal og fá þar hlutverk við hæfi.
Jafnrétti	• Mikið er unnið í hópum/pörum í íslensku. Gætt er að því að skipta mismunandi í hópa, t.d. að þau velji sjálf, kennari skiptir í hópa, kynjaskiptir hópar, blandaðir hópar. Einnig er tekið tillit til námsgetu þegar skipt er í hópa; stundum er skipt eftir getu en einnig þvert á getu. Nemendur velja sér lestrarbækur og bækur á bókasafni.
sköpun	• Mikið unnið með myndsköpun, myndasögur, föndur. • Nemendur skila verkefnum á mismunandi formi, t.d. teikna, skrifa, gera hugtakakort, gera söguveg og segja frá.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Talað mál, hlustun og áhorf Lestur og bókmenntir Ritun Málfræði	Unnið með ýmsa gæðatexta, bækur, ljóð og söngva. Ýmsar léttlestrarbækur og aðrar þyngri bækur af bókasafni skólans. Ýmsar vinnubækur: • Það er leikur að læra 1 og 2. • Lestrarlandið 1. • Skrift 1. Fjölritað námsefni sem miðast við alla undirþætti lesturs ásamt öðru aðlöguðu námsefni.	Að nemendur..... Þjálfist í framburði íslenskra málhljóða. Þjálfist í að tala skýrt og áheyrilega. Þjálfist í að tjá sig á fjölbreyttan hátt frammi fyrir skólafélögum sínum. Þjálfist í að endursegja sögur og ljóð. Þjálfist í að lesa eigin sögur og ljóð upphátt fyrir skólafélaga sína. Kynnist þeim reglum sem gilda þegar margir tjá sig í einu. Fylgist með umræðum og taki þátt í þeim. Hlutsti á upplestur á textum og ljóðum. Hlusti á fyrirmæli og fari eftir þeim. Taki þátt í stuttum leikþætti/söngatriði. Læri bókstafina og hljóð þeirra. Geti klappað atkvæði í orðum. Auki orðaforða með fjölbreyttri verkefnavinnu. Efli málskilning með fjölbreyttri verkefnavinnu. Efli lesskilning með fjölbreyttri verkefnavinnu. Fái tækifæri til að lesa bækur við hæfi, að eigin vali og vali kennara. Hafi greiðan aðgang að og nýti sér fjölbreytt val bóka, bæði í kennslustofu og á skólasafni. Þjálfist í að fá lánaðar bækur á bókasafni. Þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem þeir hafa hlustað á. Kynnist hugtökunum höfundur, aðalpersóna og söguþráður. Læri nokkrar einfaldar vísur og ljóð til söngs. Þekki skriftaráttina. Þjálfist í fínhyrningum. Þjálfist í að draga rétt til stafs og noti rétt grip. Þjálfist í að semja texta við myndir og skrifi sjálfir eða með aðstoð. Skrifi um atburði úr eigin lífi. Kynnist hugtökunum bókstafur, hljóð, orð, málsgrein, punktur og spurningarmerki. Kynnist stafrófinu. Kynnist hugtökunum sérhljóði og samhljóði. Leiki sér með tungumálið, t.d. með rími og orðaleikjum.	Símat, mat á frammistöðu í tímum: námsframvinda, samvinna, vinnusemi og vandvirkni. Lesskimunarpróf, stafa- og lestrarpróf á hverri önn. Þrjár læsiskannanir á skólaárinu.

Tíma fjöldi á viku: 4-5 klukkustundir á viku

Kennsluáðferðir og skipulag

Leitast verður við að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við kennsluna s.s. þrautalausnir, verklega kennslu, námsleiki, útikennslu, sýnikennslu og fl. Mikið er lagt upp úr hlutbundinni vinnu. Markviss vinna með hugtök stærðfræðinnar og áhersla lögð á að hafa stærðfræði na sýnilega í umhverfinu.

Grunnbættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Talnalæsi, fjármálalæsi, hugtakalæsi.
Sjálfbærni	Reynt að stuðla að sjálfbærni með því að þjálfa nemendur í að draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir, t.d. um neyslu.
Heilbrigði og velferð	Reynt að ýta undir heilbrigði og velferð t.d. með útikennslu og hreyfileikjum, fræðslu um sykurmagn í hinum ýmsu neysluvörum o.fl.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur fá námsefni og kennslu miðað við persónulega stöðu í námi. Nemendur þjálfaðir í að rökræða niðurstöður og leggja mat á rökstuðning frá öðrum.
Jafnrétti	Einsktaklingsmiðuð kennsla höfð í fyrirrúmi þar sem reynt er að koma til móts við þarfir hvers og eins.
Sköpun	Verkefni unnin og sett fram á skapandi og listrænan hátt. Hlutbundin nálgun í hávegi höfð og ýtt undir skapandi hugsanir nemenda eins og kostur er.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Talning og talnarunur Tölur og talnaleikni Samlagning og frádráttur Margföldun og deiling Almenn brot og tugabrot Mynstur Jöfnur og svigar Tími Mælingar; flatarmál, ummál og rúmmál Form og speglun	Sproti 1a og 1b Eining 1 og 2 (Valin þemu). Viltu reyna, gulur og rauður. Annað aðlagð námsefni.	Að nemendur.... þekki tölustafina og talnaröðina frá 0-20. geti talið á tugum 0-100. geti talið áfram upp í 50. þekki hugtökin tugur og eining. geti fundið nágrannatölur. þekki táknið plús og mínus og tengd hugtök. þekki hugtökin meira en/minna en og jafnt og. þekki og geti beitt víxlreglunni í samlagningu. þekki hugtökin að gera eitthvað tvisvar sinnum eða þrisvar sinnum. þjálfist í að skipta jafnt á milli.	Símat þar sem fylgst er með vinnu og skilningi nemenda.

Myndrit Flokkun-líkindi Samræður og samvinna Þrautalausnir Hugtök Tæki og tól Fjölbreyttar lausnaleyðir Lesa úr daglegu umhverfi	þekki hugtökin hálfur og helmingur. þjálfist í að finna týndan þátt í samlagningu og frádrætti og mikilvægi jafnaðarmerkis. þjálfist í að hagræða tölum (lyftan og vegasaltið). þekki mynstur og reglubundna röð sem endurtekur sig. geti aðgreint og flokkað eftir ólíkum einkennum og borið saman fjölda. þekki hugtökin ár, mánuðir, vika. þekki heila og hálfa tíma á klukku. vinni með óstaðlaðar mælieiningar og þekki hugtökin sentimetri og metri. þekki tvívíð form í hversdagslegu umhverfi. þekki nokkur algeng form s.s kúlu, sívalning og ferstrending og geti þekkt þessi form í hversdagslegu umhverfi. þjálfist í að safna og flokka eftir eiginleikum. þekki smápeninga og gildi þeirra (0-100 krónur). þjálfist í að skrá í og lesa úr súluritum. þjálfist í að leysa orðadæmi, opnar þrautir og útskýra lausnaleyðir. læri að nota kubba, form, spil, reglustiku, metramál, klukku og vog til samanburðar. Þjálfist í notkun vennkorta. Þjálfist í hugarreikningi.	
---	--	--

Námsgrein: Samfélags- og náttúrufræði

Bekkur: 1.

Tíma fjöldi á viku: Teknar vinnulotur jafnt og þétt yfir veturinn.

Kennsluaðferðir og skipulag

Samþætting við aðrar námsgreinar, aðallega íslensku.

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélags- og náttúrufræði:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að lesa fræðitexta. Nemendur læra að lesa í umhverfið í kringum sig.
Sjálfbærni	Umhverfismennt, flokkun sorps.
Heilbrigði og velferð	Líkamsvitund, heilbrigði, mikilvægi hreinlætis, hreyfingar og hollrar fæðu.
Lýðræði og mannréttindi	Réttindi einstaklingsins. Að taka ábyrgð á eigin líkama.
Jafnrétti	Allir eiga sama rétt, einn heimur fyrir alla.
Sköpun	Að vinna með líkamann og nánasta umhverfið sitt á skapandi hátt; hópavinna, paravinna og einstaklingsvinna.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Skólareglur. Umhverfi skólans. Mannslíkaminn. Fjölskyldan. Íslensku húsdýrin.	Komdu og skoðaðu umhverfið. Komdu og skoðaðu líkamann. Aðrar fræðibækur um líkamann. Ýma tröllastelpa. Blómin á þakinu- þemahefti um íslensku húsdýrin. Ýmis verkefni út frá markmiðum eru unnin í þemum. Lögð verður rík áhersla á samþættingu við aðrar námsgreinar og samvinnu nemenda.	Að nemendur.... Þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum. Kynnist skólanum og nánasta umhverfi hans. Þekki nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og sögupersónur í heimabyggð. Læri að fara eftir munnlegum leiðbeiningum og skilji hugtökin hægri, vinstri, upp, niður, fram og aftur. Átti sig á þeim reglum sem gilda í skólastofunni og samskiptum nemenda. Læri að taka eftir veðri, vindum, úrkomu, birtu og skýjafari. Átti sig á breytingum á nánasta umhverfi eftir veðri og árstíðum. Læri að taka tillit til veðurs, t.d. að klæða sig eftir veðri. Þekki líkama sinn, helstu líffæri og hlutverk þeirra. Geri sér grein fyrir að við erum ekki öll eins og að fjölbreytileiki er eðlilegur. Beri virðingu fyrir sér og öðrum. Geri sér grein fyrir mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu, hreyfa sig og gæta hreinlætis. Ræði hvað verður um matinn sem við borðum. Útbúi einfalt ættartré sem sýnir skyldleika fjölskyldu. -Þekki algengustu húsdýrin á Íslandi. -Greini samspil manns og náttúru með tilliti til búsetu, atvinnu fólks og myndunar þéttbýlis. -Þekki algeng tímahugtök eins og fyrir langalöngu, í gamla daga, einu sinni, fortíð, nútíð, framtíð.	Símat Þátttaka í einstaklings-, para- og hópavinnu metin.

Námsgrein: Kristinfræði

Bekkur: 1.

Tíma fjöldi á viku: Teknar vinnulotur í u.þ.b. tvær vikur fyrir jól og páska, samþætting við íslensku.

Kennsluáðferðir og skipulag

Undrið, efni á myndspjöldum þar sem fjallað er um siðfræði og mannleg samskipti út frá reynsluheimi nemenda, sköpunarsöguna, aðventuna og jólin, atburði dymbilviku, páska og líf og starf Jesú. Nemendur vinna í máli og myndum.

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í kristinfræði:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Fræðitextar, myndlestur.
Sjálfbærni	Rætt um hvernig heimurinn var og hvernig hann er. Hvað hægt er að gera til að skila honum eins og við tökum við honum.
Heilbrigði og velferð	Klípusögur þar sem börnin setja sig í spor sögupersóna.
Lýðræði og mannréttindi	Unnið með lýðræði og mannréttindi út frá textum og tengt við reynslu nemenda. Lýðræðisleg vinnubrögð höfð að leiðarljósi í kennslunni.
Jafnrétti	Fjallað um jafnrétti í tengslum við sögur og texta sem unnið er með og að allir fæðist jafnir.
Sköpun	Myndsköpun í tengslum við texta.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Fjallað er um siðfræði og mannleg samskipti út frá reynsluheimi nemenda, sköpunarsöguna, aðventuna og jólin, atburði dymbilviku, páska og líf og starf Jesú. Nemendur vinna í máli og myndum.	Undrið	Að nemendur.... Kynnist kristinni sköpunartrú og skoði sjálfan sig, umhverfi sitt og samskipti við aðra í ljósi hennar. Kynnist frásögninni af fæðingu Jesú, læri einfalda jólasálma og kynnist íslenskum jólasíðum. Kynnist sögunum af bernsku Jesú og heyri um daglegt líf og aðstæður á hans dögum. Fái tækifæri til leikrænnar tjáningar á atburðum úr biblíusögunum. Heimsæki kirkju og skoði helstu kirkjumuni. Kynnist atburðum dymbilviku og páska. Geri sér ljóst hvað bæn er og læri að þekkja Faðir vorið. Fáið við siðræn viðfangsefni sem tengjast vináttu og merkingu orðanna rétt og rangt, mitt og þitt og fyrirgefning. Geri sér ljóst að engir tveir eru eins, t.d. með frásögn af börnum með ólíkan bakgrunn.	Símat. Þátttaka í verkefnavinnu metin.

Námsgrein: Íþróttir

Bekkur: 1.

Tímafjöldi á viku: 2

Kennsluaðferðir og skipulag:

Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, leikir, leikfimi og knattleikir.

Leiðir: Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskapættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar. Stöðvahringur er kennsluform sem mikið er notað. Reynt er að skipta bekknum sem mest í 3 hópa og salnum í 3 hólf.

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum:

Grunnþáttur	Áherslur þættir grunnþátta menntunar
Læsi	✓ Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	✓ Gera nemanda kleift að takast á við verkefni með samspili umhverfis og félagslegra þátta.
Heilbrigði og velferð	✓ Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	✓ Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. ✓ Nemendum er boðið uppá góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. ✓ Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins. ✓ Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gæta jafnræðis.
Jafnrétti	✓ Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Sköpun	✓ Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæður.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Grunnþjálfun, leikir, tækni, þol og styrkur. Undirstöðuatriði í helstu íþróttagreinum oft með leikrænum hætti.	Útiþróttir: göngur/hlaup, leikir og þrautir. Inniþróttir: áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu íþróttagreinar.	Markmiðið er að byggja upp áhuga og jákvætt viðhorf til heilbrigðrar hreyfingar og hollra lífshátta. ✓ Að kynnst og þjálfast í grunnhreyfingum eins og að hlaupa, ganga, skríða, hoppa, kasta, rúlla, rekja og snerta. ✓ Að leysa af hendi verkefni sem þroska jafnvægi, sjón, heyrn, snertingu, vöðva og liðamótaskyn ýmist með eða án áhalda. ✓ Að efla þol og þrek nemenda í gegnum leik og leikrænar æfingar. ✓ Að kynnst skapandi hreyfingu með eða án tónlistar. ✓ Að kynnst helstu samskipta- og umgengnisreglum sem í gildi eru. ✓ Að nemendur iðki íþróttir og leiki á skólalóð.	Er byggt á virkni nemenda og framförum. Tekin eru próf sem sjá má í námsmarkmiðum á mentor. Birtist á fjölskylduvef við lok hvernar annar.

Námsgrein: Sund

Bekkur: 1.

Tíma fjöldi á viku: 1

Kennslu aðferðir og skipulag

Sundaðferðir sem miðast við sundstigið hverju sinni. Auk þess reglur og leikir í bland við hefðbundna sundkennslu.

Grunnþættir menntunar

- Að kenna nemendum grunntækni sundaðferða.
- Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum.
- Að nemendur hafi gaman af því að fara í sund.
- Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska.
- Að ljúka 1. Sundstigi.

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	✓ Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	✓ Gera nemanda kleift að takast á við verkefni með samspili umhverfis og félagslegra þátta.
Heilbrigði og velferð	✓ Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	✓ Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. ✓ Nemendum er boðið uppá góða aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara. ✓ Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu sundlaugar. ✓ Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gæta jafnræðis.
Jafnrétti	✓ Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Sköpun	✓ Líkamstjáning í vatni.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Flot- og rennslisæfingar, bringusund, stunga, skólabaksundsfótatök og leikir.	1. Sundstig.	Helstu markmið með sundstigum eru að: ✓ Allir fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum. ✓ Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams-og heilsurækt. ✓ Veita skólanum og skólayfirvöldum ogtt yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs. ✓ Að sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi.	Kennari gefur nemanda vitnisburð: Sundgetu á prófi, ástundun, áhuga og hegðun.